

Innsendar umsagnir úr samráðsgátt vegna tillögu til þingsályktunar um stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2019–2023

Svör utanríkisráðuneytisins.

Utanríkisráðuneytið óskaði eftir athugasemdum eða hugmyndum almennings og annarra haghafa um tillögu til þingsályktunar um stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2019–2023. Drög að þingsályktun lágu fyrir í Samráðsgátt – opnu samráði stjórnvalda við almenning frá 28. ágúst 2018. Lokað var fyrir innsendingu umsagna 13. september 2018. Umsagnir voru [birtar opinberlega á Samráðsgátt í kjölfarið](#).

Í nokkrum tilvikum hefur utanríkisráðuneytið tekið athugasemdir í innsendum umsögnum til greina og hefur tillaga til þingsályktunar verið uppfærð samkvæmt ábendingum. Samantekt á breytingum má finna í svörum ráðuneytisins við umsögnum. Athygli umsagnaraðila er vakin á því að tillaga til þingsályktunar um stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2019–2023 getur einnig tekið breytingum í meðferð stjórnsýslu og þings.

UMSÖGN 1

#1 Stefán Sólmundur Kristmannsson - 10.09.2018

Ég er með tvær athugasemdir við stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2019–2023. Önnur er um fiskimál en hin um samvirkni mannúðaraðstoðar og þróunarsamvinnu.

1. Fiskimál í stefnu íslenskra stjórnvalda í þróunarsamvinnu.

Það er mjög miður að fiskimál eru að hverfa sem sjálfstæður málaflokkur úr stefnu íslenskra stjórnvalda í þróunarsamvinnu. Fiskimál hafa frá upphafi verið meginþáttur í þróunarsamvinnu okkar við þjóðir um allan heim og hafa sannað gildi sitt og margt gott hefur af þeim leitt í samstarfslöndum okkar. Að sjálfsögðu eru Íslendingar enn framarlega í sviði fiskimála með margþætta reynslu og sérþekkingu sem ber að nýta áfram í þróunarsamvinnu.

Fiskimál eru eðlilegur þáttur í fjölmörgum Heimsmarkmiðum SÞ og fiskimál bera með sér einn helsta vaxtarmöguleika í fæðuöryggi miljöna manna, (HeimsMarkmSÞ nr. 1, 2, 3, 5, 8, 9, 13, 14). Í fiskimálum ber augljóslega að stuðla að sjálfbærri nýtingu og verndun jarðar.

Orðtakið “sjálfbær nýting sjávarauðlinda” sem er notað í skjali utanríkisráðherra, rúmast vel innan fiskimála en þetta lykilorðtak takmarkar þróunarstarf í fiskimálum almennt til að mæta þörfum meirihluta fátækra fiskimanna álfunnar og útilokar samvinnu við samstarfslönd okkar sem eru landlukt. Til dæmis er góð samsvörun á milli þarfa fiskimanna við Malavívatn og þess sem Ísland hefur fram að færa á sviði fiskimála við vatnið.

2. Samvirkni mannúðaraðstoðar og þróunarsamvinnu.

Ég nefni aðeins tvö atriði sem mæla gegn samvirkni mannúðaraðstoðar og þróunarsamvinnu. Í fyrsta lagi eru tímaskalarnir ekki þeir sömu, það fyrra mánuðir til ár, en það seinna tugur ára eða meir. Í öðru lagi eru forsendurnar alls ólíkar, mannúðaraðstoð þarf að gerast strax í

óvissum kringumstæðum en þróunarsamvinnan krefst undirbúnings í góðu samkomulagi og þátttöku heimamanna. Margt fleira mætti taka til.

Svar utanríkisráðuneytisins.

1. Fiskimál í stefnu íslenskra stjórnvalda í þróunarsamvinnu.

Utanríkisráðuneytið þakkar ábendinguna og telur ánægjulegt að áhugi sé fyrir því að gera fiskimálum hátt undir höfði í þróunarsamvinnu Íslands. Fiskimál eru síður en svo að hverfa sem sjálfstæður málaflokkur í stefnu íslenskra stjórnvalda um alþjóðlega þróunarsamvinnu, enda hefur málaflokkurinn verið miðlægur í slíku starfi Íslands á undanförunum áratugum og verður svo áfram. Sem fyrr er lögð áhersla á að nýta sérstöðu Íslands og þá sérþekkingu sem til staðar er og eru fiskimálin einn af þeim málaflokkum.

Sérstaklega er bent á 1. málsl. 3. mgr. kafla 2.II. í þingsályktunartillögunni: „Íslensk stjórnvöld stuðli að bættri afkomu og viðnámsþrótti í fátækum fiskimannasamfélögum sem byggja afkomu sína á sjávarútvegi með því að styðja við uppbyggingu á þekkingu og færni í fiskveiðum og fiskverkun.“ Þessi áhersla er í takt við fyrri þróunarsamvinnuáætlun og starf Íslands með samstarfslöndum, og útilokar hvorki landlukt lönd fremur en áður, né verkefni tengd fiskimálum í vötnum.

Auk þessa koma nýjar áherslur inn í stefnuna sem tengjast fiskimálum. Í því samhengi má nefna viðskiptaviðræður sem Ísland kemur að og nýja áherslu á verndun hafsins. Fiskimál eru grunnurinn að nýju svæðaverkefni í Vestur-Afríku sem er að hefjast um þessar mundir þar sem unnið verður með Síerra Leóne og Líberíu í margþættum verkefnum með fiskimannasamfélögum í samstarfi við Alþjóðabankann. Vinna Íslands á því svæði snýr m.a. að betri tækni við nýtingu sjávarafurða og fiskverkun, aðgengi að vatni og hreinlætisaðstöðu, þjálfun starfsfólks í eftirliti innan fiskveiðilögsögu og hreinsun plasts við löndunarstöðvar.

Þá má nefna að Ísland hefur á undanförunum árum stutt við sérstakan fiskisjóð innan Alþjóðabankans, sem nefnist PROFISH. Samstarf Íslands og Alþjóðabankans í sjávarútvegsmálum er reyndar víðtækt og leggur m.a. áherslu verndun hafsins, auk þess sem unnið er með Norðmönnum, Evrópusambandinu og fleiri fiskveiðiþjóðum á vettvangi bankans. Í tengslum við samstarfið við Alþjóðabankann hefur verið settur upp ráðgjafalisti íslenskra fiskisérfræðinga sem veita Alþjóðabankanum ráðgjöf í verkefnum bankans í ólíkum heimshlutum. Auglýst var eftir ráðgjöfum til að sinna verkefnum á sviði sjálfbærrar nýtingar sjávarauðlinda og verndunar hafsins í alþjóðlegu þróunarsamstarfi í gegnum Ríkiskaup síðastliðið vor, og gefst sérfræðingum kostur á að skrá sig þar á meðan verkefninu stendur. Þróunarsamvinnuskristofa utanríkisráðuneytisins heldur utan um ráðgjafalistann en Alþjóðabankinn sér um val sérfræðinga fyrir tiltekin verkefni. Loks hefur Ísland komið að fjármögnun stöðu íslensks sjávarútvegssérfræðings sem ráðinn var til Alþjóðabankans á síðasta ári og hefur hann aðsetur í Akkra, höfuðborg Gana.

Það má því segja að starf Íslands á sviði fiskimála hafi aukist undanfarið, en þó er nú byggt á víðtækari sýn um málefni hafsins og hinu svokallaða bláa lífhagkerfi sem tengist 14. Heimsmarkmiði Sameinuðu þjóðanna um líf í vatni. Orðalagið „sjálfbær nýting sjávarauðlinda“ er í takt við það orðalag sem nýtt er í Heimsmarkmiðunum og hefur ekki verið talið útiloka líf í ferskvatni af samstarfsaðilum okkar. Í aðgerðaáætlun fyrir 14. Heimsmarkmiðið er lögð sérstök áhersla á undirmarkmið 14.1, 14.2, 14.7, 14b og 14c. Orðalagið í fyrri útgáfu að stefnunni var „Sjálfbær nýting ferskvatns- og sjávarauðlinda og verndun hafsins“, en var stytt til einföldunar og til samræmis við orðalag í Heimsmarkmiði 14. Algengt orðalag í þessu samhengi er tilvísun í „haf og vatn“, og því er lagt til að markmið 2.b endurspegli það orðalag til að taka af allan vafa um að starf Íslands taki einnig til lífs í

ferskvatni. **Markmið sem tölusett er sem 2.2 í aðgerðaáætlun og 2.b í þingsályktunartillögu yrði orðað á eftirfarandi hátt: „Verndun og sjálfbær nýting hafs og vatna“.**

2. Samvirkni mannúðaraðstoðar og þróunarsamvinnu.

Samvirkni mannúðar- og þróunaraðstoðar er fremur nýleg nálgun í málaflöknum sem almenn samstaða ríkir orðið um á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og meðal helstu framlagsríkja. Þörfin fyrir meiri samhæfingu var meðal annars til umræðu á Leiðtogafundi um mannúðarmál (World Humanitarian Summit) sem haldinn var í Ístanbúl 2016. Bæði er átt við samhæfingu stefnumótunar og samhæfingu aðgerða á vettvangi.

Umfang, tímalengd og kostnaður við mannúðaraðstoð hefur á undanförunum árum vaxið verulega vegna langvarandi kreppu- og neyðarástands á ákveðnum svæðum í heiminum. Í mörgum tilvikum er nauðsynlegt að vera með þróunaraðgerðir á slíkum svæðum samhliða hefðbundinni mannúðaraðstoð, sérstaklega þegar um er að ræða flókið og langvarandi kreppuástand. Sýnin sem að baki býr er sú að mannúðaraðgerðir stuðli að þróun og að þróun stuðli að friði og hagsæld. Heimsmarkmiðin eru viðmið fyrir bæði mannúðaraðstoð og þróunarsamvinnu og beinast þau ekki aðeins að því að koma til móts við þarfir viðtakenda heldur einnig að draga úr áhættu og varnarleysi þeirra sem verst standa.

Samvirkninálgunin er ekki síst gagnleg þegar unnið er í flóttamannabyggðum og nærumhverfi þeirra. Flestir þeirra sem hrekjast á flótta eru annaðhvort á vergangi í heimalandi eða á flótta í fátækum nágrannaríkjum. Það mæðir oft mikið á viðtökubyggðum flóttamanna og geta þær þurft á stuðningi og aðstoð að halda til að betur sé hægt að vinna að sameiginlegum markmiðum og draga úr áhættu og varnarleysi eins og kostur er.

UMSÖGN 2

#2 Arnljótur Bjarki Bergsson - 13.09.2018

Um leið og ég fagna því að Utanríkisráðuneytið hafi sett málið í samráðsferli vil ég koma á framfæri nokkrum hugmyndum í tengslum við mögulega þróun á þróunarsamstarfi Íslands til framtíðar.

Aukin áhersla á þróunarsamvinnu

Ég tel rétt af Íslands hálfu að styðja markmið Sameinuðu þjóðanna um að iðnríki veiti sem nemur 0,7% af vergum þjóðartekjum (VÞT) til þróunarsamvinnu og eins að Ísland færist nær því að taka mið af framangreindu markmiði SP sé litið til framlaga síðustu ár og stefnu um 0,35% af VÞT árið 2022. Þó framansögð stefnumörkun sé vissulega jákvæð og miði að því að koma Íslandi nær markmiðum SP er óljóst hvernig slík getur náðst í fyrirsjáanlegri framtíð án aðkomu atvinnulífsins. Með því að leggja saman krafta getur útkoman orðið magnaðri en ef hver starfar fyrir sig. Þá geta íslensk stjórnvöld unnið að því að Ísland nái markmiðum um umfang þróunarsamvinnu í samstarfi við atvinnulífið. Atvinnulífið hefur hlutverki að gegna við úrlausn þróunarsamstarfsverkefna, þar má hvetja fyrirtæki til að nýta möguleika til framtíðar.

Rannsóknir og þróun fyrirtækja

Um nokkurt skeið hefur verið á öðrum vettvangi verið stefnt að því að umfang rannsókna og þróunar aukist í 3% af landsframleiðslu (VLF). Með möguleika á skattafrádrætti vegna kostnaðar við rannsókna- og þróunarverkefni virðist af hagtölum að dæma sem rannsókna og þróunarstarfsemi hafi aukist í landinu, einkum með aukinni virkni fyrirtækja á því sviði. Efling Tækniþróunarsjóðs og Rannsóknasjóðs eiga jafnframt þátt í þessari þróun. Svipuð

skilaboð má lesa úr fréttum sem berast af auknum umsóknum um skattafrádrátt vegna rannsókna og þróunarverkefna. Vilji stjórnvalda stendur til að auka þennan möguleika fyrirtækja til aukinnar rannsókna og þróunarstarfsemi miða við aðgerðir sem lutu að því að hækka hámark sem og áform um að afnema sömu hámark.

- Er mögulegt að byggja á fenginni reynslu af aðgerðum til að auka rannsókna og þróunarstarf til að stuðla að aukinni virkni atvinnulífsins með fyrirtækjum í broddi fylkingar í þróunarsamstarfi?
- Væri hægt að halda utan um umsvif fyrirtækja á þessu sviði með sama hætti og fyrirtæki telja fram rannsókna og þróunarkostnað?

- Er hægt að viðurkenna kostnað fyrirtækja vegna þróunarsamstarfs og halda til haga sannarlegum kostnaði um raunveruleg þróunarsamstarfsverkefni sérstaklega aðgreindum?

Ef fyrirtækjum væri gert kleift að telja fram kostnað við þróunarsamvinnu í bókhaldi eins og þau telja fram kostnað í rannsókna og þróunarverkefnum má í það minnsta draga fram hvað fyrirtæki leggja af mörkum á þessu sviði og vonandi stuðla að því að markmið stjórnvalda um 0,35% af þjóðartekjum náist hratt og örugglega. Fyrirtæki gætu talið fram til þróunarsamvinnu sem framlög vöru eða kostnað við þjónustu sem væri liður í að þróa markaði. s.s. vöru og markaðsþróun í nýmarkaðslöndum, sendingar væru t.a.m. afhentar til viðurkenndra samstarfsaðila, eða hjálparsamtaka í ljósi samþættingar þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar, slíkt gæti stuðlað að auknum umsvifum Íslendinga á sviði þróunarsamvinnu og aukið tækifæri til framtíðar á milliríkjavíðskiptum. Skoða þarf hvernig megi og að hve miklu leiti sé hægt að hvata slíka þróun, aukning í útgjöldum fyrirtækja til rannsókna og þróunar virðast hafa aukist verulega sem hlutfall af VPT á árunum 2013 til 2016.

Verndun jarðarinnar og sjálfbær nýting náttúruauðlinda

Brýnt er að skoða gaumgæfilega hvernig Ísland geti tekið þátt í aðgerðum gegn plastmengun í hafi, rétt eins og að Ísland leggi sitt af mörkum í aðgerðum gegn allri annarri mengun í hafi sem og að sporna gegn og bregðast við til að draga úr áhrifum af súrnun sjávar.

Samstarf við fjölþjóðastofnanir

Mikilvægt er að byggja á því sambandi sem hefur skapast við stofnanir og stjórnkerfi í þróunarríkjum/nýmarkaðsríkjum við uppbyggingu getu og færni á sviði jafnréttis, jarðhita, landgræðslu og sjávarútvegs í gegnum skóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna (HSP) á Íslandi, vert væri að kanna hvort auka megi samstarf við fyrirtæki sem starfa á þeim sviðum sem skólarnir kenna sig við, mögulega með aukinni áherslu hagnýt verkefni nemenda HSP, í framhaldi af þróun sem unnin hefur verið í það minnsta í sjávarútvegsskólanum. Slíkt má nota til að tengjast hagaðilum í heimalandi nemendanna t.d. með virku samstarfi alþjóðlegum þróunarverkefnum sem koma að heimsmarkmiðum nr. 4, 9, 14, 15 og 17.

Aukin virkni HSP getur dregið að athygli fleiri aðila en þeirra sem fram að þessu hafa sótt skóla HSP á Íslandi slíkt gæti dregið nýja fjármögnunaraðila að náminu og þar með stuðlað að stærra, fjölbreyttara og mögulega sterkara tengslaneti þeirra sem námið stunda. Eins má reyna að auka samskipti milli skóla HSP hér á landi til að virkja tengslamyndun.

Með samstarfi við alþjóðastofnanir í Róm, sem stjórnvöld ætla að eiga nána samvinnu við, má tengja sérfræðiþekkingu Íslendinga á þeim sviðum matvælaframleiðslu hvar Íslendingar standa framarlega, svo sem við landgræðslu, nýtingu jarðvarma til matvælaframleiðslu og í sjávarútvegi með reglulegri miðlun starfsmanns þróunarsamvinnu í Róm til Íslenskra hagaðila um framvindu mála, slíkt mætti e.t.v. gera með á vettvangi „bakhóps hér á landi“. Þar má líta til þess verklags sem þróunarsamvinnuskrifstofa hefur komið á um samstarf Íslands og Alþjóðabankans á sviði jarðvarma og sjávarútvegs, enda er Alþjóðabankinn meðal þeirra fjölþjóðastofnana sem lögð er áhersla á. Eins má kanna hvort mögulegt sé að auka líkur á jákvæðum afrakstri þróunarsamvinnu með aðkomu að Hnattræna umhverfisbótasjóðnum (GEF) með sérfræðiþekkingu sem liðkað getur til fyrir heildrænum lausnum á sviði umhverfismála, sem aukið geta líkur á að heimsmarkmið sameinuðu

þjóðanna um sjálfbæra þróun náist. Vera má að slík aðkoma Íslands geti fylgt fordæmum annarrar þátttöku Íslands í rannsókna og þróunarsamstarfi Evrópu ríkja.

Til að stuðla að sjálfbærum vexti þeirra eininga hér á landi sem styðja við skóla HSP á Íslandi, þyrftu samningar HSP að byggja á samskiptum fyrirtækis við fyrirtæki (HSP), hvort sem umsjón með námsbrautum, stundakennslu eða leiðsögn í tengslum við verkefna vinnu er að ræða. Þannig má byggja upp teymi sem koma að og efla þróunarsamstarf til frambúðar, þar má horfa til verklags sem Þróunarsamvinnuskrifstofa Utanríkisráðuneytisins viðhafði í tengslum við samstarf við Alþjóðabankann á sviði fiskimála. Vera má að það komi fyrir vegna gengisáhrifa eða annarra þátta að taxtar hjá þeim einingum sem búa yfir sérfræðipækkingu séu hærri en það sem fæst greitt fyrir hverja unna vinnustund í tengslum við þróunarsamvinnu, mismuninn mætti e.t.v. telja fram sem framlag þeirra sem halda á sérfræðipækkingunni til þróunarsamvinnu.

Hugleiða má eftir því sem skilningur á mikilvægi ábyrgra og sjálfbærrar auðlindanýtingar vex fiskur um hrygg í sjávarútvegi, í kjölfar siðareglna Matvæla- og landbúnaðarstofnunar SP um ábyrgar fiskveiðar (e. Code of Conduct) og Hafnríkisráðstafanir (e. Port State Measures) sömu stofnunar gegn ólöglegum, ótilkynntum og stjórnlausum fiskveiðum (e. IUU) þá þarf að beina athyglinni að því að gera sem mest verðmæti úr því sem fæst úr sjó, til að lágmarka álag á villta stofna og byggja undir sjálfbærni, en slíkt getur dregið úr veiðiálagi og stuðlað ennfrekar að sjálfbærni, þannig væri hægt að kanna hvort sjávarútvegsskóli HSP geti aukið samstarf sitt við Matís enn frekar.

Uppbygging félagslegra innviða

Meðan að unnið er að því að auka aðgengi fólks að heilnæmu vatni sbr. Heimsmarkmið nr. 6, er mikilvægt að stuðla jafnframt að bættu aðgengi að heilnæmum og öruggum matvælum sbr. heimsmarkmið 2.

Aðrir samstarfsaðilar

Eins mikilvægt og það er að draga íslenskt atvinnulíf sterkar inn í þróunarsamvinnu, þá er ekki síður mikilvægt að stuðla að öfluglu atvinnulífi í samstarfslöndum Íslands. Í anda heimsmarkmiða nr. 14, 15, 11, 12, 13, 2, 1, 9 og 17 má jafnframt vinna með nýmarkaðsríkjum að uppsetningu ramma fyrir sjálfbæra auðlindanýtingu með hagnýtingu fyrirbyggjandi aðgengilegra lausna með áherslu á verðmætasköpun.

Kanna mætti hvort undirbúa ætti skipulagða viðtöku nemenda frá mikilvægum nýmarkaðssvæðum, s.s. Nígeríu, inn í HSP til að styrkja mannauð þess lands sem við eigum í viðskiptum við með fjölgun nemenda við íslenska háskóla s.s. meistaranemenda Háskóla Íslands, Landbúnaðar Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri, Háskólans á Hólum, og doktorsnemenda, HÍ, HR og HA í samræmi við Heimsmarkmið nr. 4. Þannig mætti virkja fleiri einingar háskólasamfélagsins til meiri þátttöku í þróunarsamvinnu.

Svar utanríkisráðuneytisins.

Utanríkisráðuneytið þakkar fyrir gagnlegt innlegg.

Aukin áhersla á þróunarsamvinnu.

Utanríkisráðuneytið telur að þingsályktunartillaga að nýrri stefnu í þróunarsamvinnu endurspegli það viðhorf að atvinnulífið þurfi að leggja sín lóð á vogarskálarnar til að ríki heims geti náð Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna árið 2030. Þessi sýn er orðin mun ríkari í starfi landa sem eru meðlimir þróunarsamvinnunefndar Efnahags- og framfarastofnunarinnar (DAC), sem Ísland er virkur þátttakandi í. Þessi sýn kemur skýrt fram í kafla 3.III. í drögum að þingsályktun og sterkari áhersla Íslands á þessu sviði endurspeglast m.a. í stofnsetningu nýrrar deildar atvinnulífs og svæðasamstarfs innan þróunarsamvinnuskrifstofu utanríkisráðuneytisins, sem sett var á laggirnar fyrr á þessu ári. Ráðuneytið vinnur nú að því að

kortleggja þær nálganir sem samstarfslöndin hafa nýtt í þessu samhengi til að greina þær leiðir sem hægt er að nýta í samstarfi við atvinnulífið með faglegum hætti. Sú kortlagning felur m.a. í sér að nýta þann lærdóm sem nágrannaþjóðir okkar hafa fengið af slíku starfi á undanförunum árum. Sambærilegar deildir nágrannalandanna hafa deilt sinni nálgun með Íslandi og jafnframt vinnur DAC að nánari leiðbeiningum sem verða gagnlegar fyrir þá vinnu. Þess má einnig geta að önnur lönd bjóða upp á sjóði sem íslenskum fyrirtækjum er frjálst að sækja til, og mun hluti af starfi utanríkisráðuneytisins á þessu sviði vera helgaður því hlutverki að kynna slíka kosti fyrir aðilum í íslensku atvinnulífi.

Nú er unnið að stofnun sjóðs sem aðilar úr íslensku atvinnulífi geta starfað með. Jafnframt fer fram skoðun á möguleikum á samstarfi milli aðila atvinnulífsins og frjálsra félagasamtaka. Við útfærslu á slíku samstarfi þarf að huga að mörgum þáttum, m.a. að tryggja gagnsæi, jafnræði og að þróunarmarkmið verði ætíð höfð að leiðarljósi. Þá ber að tryggja að starfsreglur sjóða fari að lögum og fylgi reglum Evrópska efnahagssvæðisins.

Rannsóknir og þróun fyrirtækja.

Utanríkisráðuneytið tekur öllum skapandi hugmyndum, sem ætlað er að bæta hag hinna fátækustu í veröldinni, fagnandi. Líkt og hefur komið fram vinnur utanríkisráðuneytið að hvetjandi aðgerðum til að auka þátttöku fyrirtækja í þróunarsamvinnu. Slíkar aðgerðir eru mótaðar innan þess faglega ramma sem DAC leggur til, og takmarkar að fyrirtæki megi sjálf njóta þróunarfjár, annaðhvort í formi ívilnana eða beinna styrkja. Hér er vísað í greinargerð með þingsályktunartillögu þar sem segir á bls. 12 „... hér er ekki átt við að þróunarfé sé varið til viðskiptaþróunar eða renni beint til útrásar fyrirtækja. Lögð er áhersla á að virðisaukandi íslensk sérþekking nýtist í þróunarsamstarfi og að henni verði komið á framfæri með starfi íslenskra stjórnvalda.“ Samkvæmt þessu er byggt á þeirri sýn að virðisaukandi þekking, sem þegar er til staðar, nýtist í þróunarsamstarfi og þar af leiðandi er ekki gengið út frá því að þróunarfé muni renna til íslenskra fyrirtækja til að móta slíka þekkingu. Sérstakur stuðningur við íslensk fyrirtæki væri í ákveðinni mótsögn við þá sýn að vinna að því að jafna samkeppnisstöðu fyrirtækja í lágtekjuríkjum, sem Ísland mun gera samkvæmt stefnunni, með því að bæta markaðsaðgengi þeirra og draga úr viðskiptahindrunum. Jafnframt er bent á að Íslandi ber að gæta jafnræðis innan evrópskra markaða og að Ísland fylgir leiðbeiningum DAC á þessu sviði um bestu starfshætti. Gjafaríki hafa í auknum mæli horfið frá því sem nefnist skilyrt aðstoð, t.d. að veita aðstoð með því skilyrði að þróunarfé verði nýtt til að kaupa þjónustu eða vörur af íslenskum fyrirtækjum, og heyra slíkir starfshættir nú fortíðinni til. Aukin samfélagsábyrgð fyrirtækja, meðvitund og vilji til að leggja sitt af mörkum til að Heimsmarkmiðunum verði náð, er m.a. hvati fyrir þau að leggja sín lóð á vogarskálarnar til að stuðla að bættri veröld fyrir alla. Framlag fyrirtækja til þróunarsamvinnu er því talið aukalega fram sem framlag til þróunarsamvinnu, umfram það sem íslensk stjórnvöld leggja fram.

Varðandi utnumhald upplýsinga um framlög fyrirtækja þá leitast utanríkisráðuneytið við að mæla árangur af öllu starfi sínu, og á það einnig við um samstarf við aðila atvinnulífsins. Þegar samstarfssjóður fyrir atvinnulíf hefur tekið til starfa mun starf hans falla innan heildræns árangursstjórnunarkerfis utanríkisráðuneytisins fyrir þróunarsamvinnu sem innleitt verður á næsta ári. Sem dæmi má nefna að einn helsti árangursvísir í samstarfi við atvinnulífið eru þeir fjármunir sem íslenskir aðilar leggja fram til þróunarlanda vegna samstarfsins, þ.e. framlag atvinnulífsins til þróunarsamvinnu. Fyrirtækin sjálf munu halda utan um eigin fjárhagsupplýsingar, en þó má benda á að framlögum vegna samfélagslegrar ábyrgðar og þeim árangri sem næst vegna tengdra verkefna er gjarnan flaggað af fyrirtækjum. Fyrirtæki sem axla

samfélagsábyrgð njóta umbunar í bættri ímynd með aukinni starfsánægju og bættu viðskipta-siðferði.

Verndun jarðar og sjálfbær nýting náttúruauðlinda.

Ísland styður við aðgerðir sem falla undir 14. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um líf í vatni og er vísað í því samhengi til svars við fyrri innsendri umsögn við þingsályktunartillögu. Þar kemur fram að aðgerðir til að bregðast við plastmengun á ströndum eru hluti af svæðaverkefni Íslands í Vestur-Afríku. Hins ber þó að geta að Ísland hefur, í takt við kröfur DAC, leitast við að gera sitt þróunarsamstarf markvissara til að einfalda stjórnsýslu þróunarsamvinnu m.a. með því að fækka samstarfslöndum. Þess má nefna að Ísland hefur á undanförnum árum hætt tvíhliða starfi í Níkaragúa, Sri Lanka, Namibíu og nú síðast í Mósambík, og beinir kröftum sínum nú að Malaví og Úganda. Veglegri stuðningur við fáa aðila og á færri málefnasviðum þykir auka skilvirkni þróunarsamstarfs. Hins vegar bjóða aðrar leiðir, líkt og samstarf við atvinnulífið, upp á aukið svigrúm til að Ísland nái að leggja lóð á vogarskálarnar á fleiri stöðum og á sviðum þar sem sérfræðipækking er til staðar. Almennari aðgerðir gegn mengun í hafi og viðbrögð til að bregðast við áhrifum vegna súrnun sjávar gætu fallið undir slíkt.

Súrnun sjávar er alvarlegt, hnattrænt vandamál sem Ísland leggur sitt af mörkum til að draga úr. Má í því samhengi benda á almenna stefnu og aðgerðaáætlun Íslands í loftslagsmálum sem miðar að því að draga úr losun á gróðurhúsalofttegundum um 40% fram til ársins 2030, og að Ísland nái kolefnisjöfnuði fyrir árið 2040. Hafa ber í huga að mörg vandamál sem tengjast loftslagsbreytingum, þ.m.t. súrnun sjávar, koma hlutfallslega harðar niður á lágtekjuríkjum. Þróunarsamvinnustarf Íslands með sjávarsamfélögum byggist á heildstæðri nálgun og grundvallarsýn um sjálfbærni. Þannig er leitast við að byggja upp viðnámsþrótt samfélaga, sem nýtist í aðlögun vegna loftslagsbreytinga. Ísland hefur einnig haft með höndum forystu-hlutverk í málefnum hafsins á öðrum vettvangi en þróunarsamvinnu og hefur talað fyrir aðgerðum um verndun hafsins á undanförunum árum á alþjóðavettvangi, m.a. á vettvangi allsherjarþings og stofnana Sameinuðu þjóðanna, s.s. Landbúnaðar- og matvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) og Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO).

Samstarf við fjölþjóðastofnanir.

Utanríkisráðuneytið tekur undir þá sýn að mikilvægi sjálfbærrar nýtingar sjávarauðlinda í þróunarsamvinnu fari sífellt vaxandi og að íslensk sérþekking sé dýrmæt í þeirri þróunarsamvinnu sem framkvæmd er innan fiskigeirans.

Hinar svokölluðu Rómarstofnanir, sem vísað er til í umsögn, eru þrjár: Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP), Landbúnaðar- og matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) og Alþjóðasjóður um þróun landbúnaðar (IFAD). WFP er ein af lykilsamstarfsstofnunum Íslands á sviði mannúðar- og neyðaraðstoðar, og samstarf við FAO og IFAD snýr að verndun jarðarinnar og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Nú þegar er náð samstarf við stofnanirnar, líkt og kemur fram í drögum að tillögu til þingsályktunar. Til að sinna þessu samstarfi hefur einn starfsmaður þróunarsamvinnuskristofu utanríkisráðuneytisins staðsettur í Róm, og er hlutverk hans m.a. að vinna að tækifærum sem tengjast þessum málefnasviðum og viðfangsefnum skóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna (HSP) á Íslandi. Þess má geta að skólar HSP á Íslandi hafa þegar verið í samstarfi við Rómarstofnanirnar í tengslum við ólík verkefni. Íslensk stjórnvöld munu áfram leggja áherslu á málefnasvið skólanna fjögurra og starf þeirra í nýrri stefnu, en þess má geta að utanaðkomandi úttekt á starfi skólanna, sem lauk á síðasta ári, sýndi fram á að starf skólanna er verulega árangursríkt.

Hvað varðar útfærslur á samstarfi við skólana ber að athuga að þróunarsamvinnustefnu Íslands er ætlað að móta ramma um þróunarsamvinnu fyrir komandi fimm ár og varða þá leið sem Ísland mun feta. Utanríkisráðuneytið þakkar engu að síður ábendingar, en bendir jafnframt á að ítarlegri útfærslur á framkvæmd þróunarsamvinnu falla ekki innan heildarstefnu um þróunarsamvinnu Íslands, heldur innan einstakra áætlana, verklagsreglna og stefnuviðmiða sem unnin eru í samræmi við þá heildarsýn og markmiðasetningu sem sett er fram í drögum að þingsályktun. Enn fremur má benda á að hver skóli HSB á Íslandi starfar í tengslum við sérfræðistofnun á sínu sérsviði, hefur eigin stjórn og svigrúm til samstarfsverkefna við ólíka aðila atvinnulífsins. Þannig hefur hver skóli fyrir sig umtalsvert rými hvað varðar áherslur í sínum rekstri og er einnig nærtækt að koma ábendingum um samstarf og útfærslur á framfæri við stjórnendur skólanna fjögurra.

Uppbygging félagslegra innviða.

Utanríkisráðuneytið vill undirstrika mikilvægi þess að beina kröftum sínum á tiltekin málefnasvið til að hámarka skilvirkni, en einnig ber að hafa í huga að Heimsmarkmiðin 17 skarast að mörgu leyti. Þegar unnið er að sjálfbærum orkuverkefnum í þágu kvenna er skörun augljós milli 5. og 7. markmiðsins. Þó að bætt aðgengi að heilnæmum og öruggum matvælum sé ekki eitt af meginmarkmiðum Íslands, þá leggur Ísland sín lóð á vogarskálarnar til að Heimsmarkmiði 2 verði náð. Þegar kemur að fæðuöryggi hefur Ísland beint kröftum sínum að fiskimálum. Bætt aðgengi að heilsusamlegum sjávarauðlindum hefur augljós tengsl við 2. Heimsmarkmiðið þar sem aukið aðgengi að próteinríkri fæðu úr hafi og vötnum gegnir lykilhlutverki fyrir mörg samfélög til að útrýma hungri. Málefni lands og jarðar eru ekki undanskilin í áætlun Íslands, nú er komið inn nýtt markmið um endurheimt landgæða og takmörkun landeyðingar sem byggist m.a. á starfi Landgræðsluskóla HSB. Einnig er rík áhersla á umhverfismál og eitt markmið Íslands miðar að aukinni mótþægis- og aðlögunarhæfni samfélaga vegna áhrifa loftslagsbreytinga. Þetta starf styður t.a.m. við Heimsmarkmið 2. Í ljósi þess hvernig Heimsmarkmiðin tengjast innbyrðis má benda á að aðgengi að heilnæmu vatni í fiskisamfélögum gerir heimilum betur kleift að rækta sér til matar, auk þess sem aðgengi að salernisaðstöðu dregur úr saurmengun á ströndum. Slíkt bætir gæði fiskafurða og styður samhliða við Heimsmarkmið 2.

Ríkt samspil og skörun er því milli ólíkra Heimsmarkmiða. Forgangsriðun og markmiðasetning sem miðast við tiltekin Heimsmarkmið útilokar því ekki framlag Íslands til annarra sviða, en gerir ráðuneytinu kleift að skipuleggja starf sitt betur og móta ramma um heildstæða árangursstjórnun fyrir þróunarsamvinnu á komandi árum.

Aðrir samstarfsaðilar.

Í ljósi nýrrar áherslu Íslands á samstarf við atvinnulífið, ásamt því að í hinu síðara þróunarmarkmiði í drögum að þingsályktun um stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands kemur fram að ætlunin sé að örva hagvöxt í samstarfslöndum, þá er **lagt til að einu markmiði verði bætt við aðgerðaáætlun Íslands í þróunarsamvinnu, sem og þingsályktunartillöguna. Nýtt markmið styður við Heimsmarkmið 8 um góða atvinnu og hagvöxt og er tölusett sem markmið nr. 2.e í þingsályktunartillögu og sem 2.5 í aðgerðaáætlun, undir yfyrskriftinni „Sjálfbær hagvöxtur og mannsæmandi atvinnutækifæri fyrir alla“.** Undirmarkmið væru tvö: 2.5.1 Efnahagsleg tækifæri, nýsköpun og bætt framleiðni, og 2.5.2 Atvinnusköpun fyrir konur, ungmenni og viðkvæma hópa, og kæmu þau fram í aðgerðaáætlun 2019–2020, sem er fylgiskjal

með þingsályktunartillögu. Við greiningu á nálgun vegna samstarfs við aðila atvinnulífsins í nágrannalöndum Íslands, Danmörku og Noregi, kom í ljós að byggt er á vinnu í þágu 8. Heimsmarkmiðsins. Sambærileg nálgun gerir Íslandi betur kleift að samþætta samvinnu við atvinnulíf í öllu starfi tengdu þróunarsamvinnu, og gefur grundvöll fyrir hagrænar árangursmælingar í starfi Íslands sem miðar að uppbyggingu atvinnutækifæra. Samstarf við atvinnulífið gefur enn fremur tækifæri til að vinna að öðrum Heimsmarkmiðum, þar með töldum þeim sem nefnd eru hér fyrir.

Tillaga að þingsályktun fyrir nýja þróunarsamvinnustefnu Íslands endurspeglar upp að vissu marki áherslu á samþættingu stefnumiða innan utanríkisráðuneytisins sem varða þróunarlöndin og því eru viðskiptasjónarmið samþætt stefnu. Sem dæmi er lagt upp með að íslensk stjórnvöld dragi úr viðskiptahindrunum fyrir lágtekjuríki, beiti sér fyrir því að jafnréttismál verði tekin upp í alþjóðasamningaviðræðum um viðskipti og að Ísland styðji við ríki á sviði jarðhita- og fiskimála eftir því sem við á í þeim alþjóðlegu viðskiptaviðræðum sem Ísland kemur að. Stefnan er því í samræmi við þá tillögu sem sett er fram. Í þessu samhengi ber þó að leggja sérstaklega áherslu á tvö atriði. Annars vegar er þá staðreynd að þróunarsamvinna byggist á þróunarmarkmiðum og því miðast samvinna ævinlega við þarfir viðtakenda. Hins vegar leggur Ísland sterka áherslu á að styðja jaðarhópa og þá allra fátækustu og rétta þeim hjálparhönd. Ísland hefur m.a. fengið lof fyrir einhlíta áherslu sína hvað þetta varðar í jafningjarýni DAC sem lauk á síðasta ári. Í takt við þetta er áhersla Íslands í þróunarsamvinnu á lágtekjuríki þar sem mikil þörf er á að vinna gegn sárafatækt. Grunnstef Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna er einmitt að „skilja engan eftir“, sem endurspeglar áhersluna á að tryggja að þróunarsamvinna mæti þörfum þeirra sem þess þurfa mest með.

UMSÖGN 3

#3 Kristín S. Hjálmtýsdóttir, f.h. Rauða krossins á Íslandi – 14.09.2018

Að auki barst umsögn frá Rauða krossinum á Íslandi, eftir að formlegu samráðsferli lauk, en utanríkisráðuneytið hefur ákveðið, í samráði við Rauða krossinn á Íslandi, að birta umsögn þeirra og svar ráðuneytisins.

Rauði krossinn á Íslandi þakkar fyrir það tækifæri sem hér gefst til umsagnar á ofangreindri tillögu til þingsályktunar um stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2019-2023.

Rauði krossinn á Íslandi er hluti af alþjóðahreyfingu Rauða krossins og Rauða hálfmánans og vinnur að margs konar verkefnum á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar í samvinnu við systurfélög sín, Alþjóðasamband Rauða krossins og Rauða hálfmánans (e. International Federation of the Red Cross and Red Crescent) og Alþjóðaráð Rauða krossins (e. International Committee of the Red Cross). Tvíhliða þróunarsamvinna Rauða krossins á Íslandi nær aftur til ársins 1990 en fyrir þann tíma starfaði félagið og studdi þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð í gegnum alþjóðahreyfingu Rauða krossins og Rauða hálfmánans.

Sem hluti af alþjóðahreyfingu vinnur Rauði krossinn á Íslandi að því að kynna og gera grein fyrir mikilvægi alþjóðlegra mannúðarlaga ásamt því að vinna að því að Ísland virði þjóðréttarlegar skuldbindingar sínar í samræmi við aðild sína að Genfarsamningunum fjórum

frá 1949, viðaukum við þá frá 1977 og 2005, sem og aðrar skuldbindingar á sviði mannúðarréttar.

Umsögn sína um tillögu þessa byggir Rauði krossinn á ofangreindu auk grundvallarhugsjóna Rauða kross hreyfingarinnar um mannúð, óhlutdrægni, hlutleysi og sjálfstæði, sem og stefnu alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans og áratuga löngu starfi á sviði þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar.

Almennar athugasemdir

Meginatriði tillögunnar telur Rauði krossinn fagnaðarefni, ekki síst vegna yfirlýstrar áherslu á að þróunarsamvinna Íslands taki mið af þeim alþjóðlegu sáttmálum sem Ísland hefur fullgilt, og muni leitast við að uppfylla stjórnámalegar, lagalegar og siðferðislegar skyldur sínar sem ábyrg þjóð í samfélagi þjóðanna.

Rauði krossinn fagnar því jafnframt að stefna Íslands um alþjóðlega þróunarsamvinnu leggi aukna áherslu á samvirkni og tengsl mannúðaraðstoðar og þróunarsamvinnu. Sé litið til þess, með hliðsjón af forystuhlutverki Alþjóðaráðs Rauða krossins á sviði mannúðaraðstoðar, vekur Rauði krossinn á Íslandi athygli á því að Alþjóðaráðsins sé ekki getið í stefnunni sem ein af samstarfsstofnunum Íslands, líkt og undanfari þingsályktunartillögu þessarar kvað á um.

Alþjóðaráð Rauða krossins (e. International Committee of the Red Cross) er sú sjálfstæða stofnun sem samkvæmt Genfarsamningunum veitir mannúðaraðstoð á átakasvæðum, greiðir fyrir leiðum til mannúðaraðstoðar með viðræðum við alla aðila átaka, fræðir þá um alþjóðleg mannúðarlög og hefur eftirlit með því að ákvæðum þeirra laga sé framfylgt. Á vegum Alþjóðaráðsins starfa um 15.000 manns að hjálparstarfi á átakasvæðum víðs vegar um heiminn og vinna náið með landsfélögum Rauða krossins og Rauða hálfmánans á hverju svæði fyrir sig.

Alþjóðaráð Rauða krossins hefur verið burðarás í skipulagningu og framkvæmd neyðaraðstoðar á mörgum af mest krefjandi átakasvæðum heims í 150 ár. Sem verndari Genfarsamninganna hefur Alþjóðaráðið lagt mikla áherslu á að ríki fullgildi alþjóðasamninga á sviði mannúðarréttarins og stuðli að virðingu fyrir ákvæðum mannúðarlaga og framþróun á því sviði.

Rauði krossinn fagnar því sérstaklega að kynjajafnréttismál séu nú bæði sérstakt áherslusvið og þverlægt málefni. Tillagan greinir vel frá hvernig jafnrétti kynjanna og valdefling kvenna verður samþætt í önnur áherslusvið og áhersla lög á jafnrétti í samvinnu á alþjóðavettvangi. Áfram verða gerð skil á áhrifum verkefna á stöðu karla og kvenna sem er vel. Ánægjulegt er að sjá að innan undirmarkmiða tillögunnar er tekið fram sérstaklega hvaða áherslur íslensk stjórnvöld styðja er varða jafnrétti og valdeflingu.

Í ljósi laga nr. 122/2015 um breytingar á lögum um alþjóðlega þróunarsamvinnu, sem fólu í sér að Þróunarsamvinnustofnun Íslands varð lögð niður og færð undir utanríkisráðuneytið, vill Rauði krossinn á Íslandi undirstrika mikilvægi varðveislu og uppbyggingar á sérþekkingu og reynslu innan málaflokksins. Rauði krossinn telur, í samræmi við jafningjarýni DAC um þróunarsamvinnu Íslands 20171, mikilvægt að rík áhersla sé lögð á að hlúa að starfsfólki á þann hátt að tryggt sé að reynsla þess og sérþekking glattist ekki, heldur nýtist í áframhaldandi og mikilvægu framlagi Íslands til þróunarsamvinnu. Að sama skapi telur Rauði krossinn brýnt að marghliða og tvíhliða þróunarsamvinna verki á víxl við hvort annað þannig að þekking sem verði til með tvíhliða þróunarsamvinnu skili sér til marghliða þróunarsamvinnu og öfugt. Telur Rauði krossinn brýnt að sjónarmið þessi séu höfð að leiðarljósi við beitingu 10. gr. laga nr. 39/1971 um utanríkisþjónustu Íslands.

Þá vill Rauði krossinn nota tækifærið og vekja athygli á innihaldi stjórnarsáttmála Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs um ríkisstjórnarsamstarf og eflingu Alþingis, sem kveður á um að þátttaka Íslands í þróunarverkefnum verði á vegum borgaralegra stofnanna. Í því samhengi telur félagið rétt að undirstrika mikilvægi þess að stefna stjórnvalda á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu leitist við að auka þátttöku héraðs borgarasamtaka sem starfa í samvinnu við staðbundin samtök og alþjóðleg samtök á borð við Alþjóðaráð Rauða krossins sem hafa raunverulegt og milliliðalaust aðgengi að þolendum á grundvelli alþjóðlegra viðmiða og grundvallarreglna um mannúð, óhlutdrægni, hlutleysi og sjálfstæði. Slíkt stuðli að eignarhaldi heimamanna á verkefnum og styrkir sömuleiðis borgarasamtök í viðtökuríkjum sem gegna stöðhlotverki við stjórnvöld þegar kemur að uppbyggingu m.a. félagslegra innviða í heimalandi sínu.

Athugasemdir við einstaka tölulíði þingsályktunartillögunnar

5. tl. Framlög

Rauði krossinn gerir athugasemd við inntak 5. tl. er varðar áætluð framlög til opinberrar þróunaraðstoðar þar sem undirstrikaður er stuðningur íslenskra stjórnvalda við markmið Sameinuðu þjóðanna um að efnameiri ríki verji sem nemi 0,7% af vergum þjóðartekjum (VPT) til opinberrar þróunaraðstoðar. Í tillögunni kemur jafnframt fram að Ísland leitist við, með virkri þátttöku í alþjóðlegri þróunarsamvinnu, að uppfylla pólitískar, lagalegar og siðferðislegar skyldur sínar sem ábyrg þjóð í samfélagi þjóðanna. Jafnframt sem alþjóðleg þróunarsamvinna verði mikilvægur hlekkur í þjóðaröryggisstefnu Íslands. Því skýtur það skökku við að framlög til málaflokksins verði ekki hærri en áætlað er, eða 0,35% á árinu 2022.

Í áráðir hefur alþjóðleg þróunarsamvinna verið yfirlýst sem ein af meginstöðum íslenskrar utanríkisstefnu og hefur Ísland um langt skeið stutt téð markmið Sameinuðu þjóðanna. Vorið 1985 lýsti Alþingi til að mynda yfir vilja sínum um að 0,7% af VPT yrði náð á næstu sjö árum, þ.e. árið 1992.¹ Í þingsályktun um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2013-2016, sem fyrirbyggjandi tillaga til þingsályktunar er ætlað að leysa af hólmi, kemur fram að Ísland styðji áfram markmið Sameinuðu þjóðanna um 0,7% af VPT til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu, og var áætlað að því markmiði skuli náð árið 2019.²


Framlög Íslands í baráttunni gegn ójöfnuði, hungri og fátækt hafa hins vegar verið heldur rýr í samanburði við markmið Sameinuðu þjóðanna. Í gagnagrunni Efnahags- og framfarastofnunarinnar (e. OECD) eru framlög Íslands til málaflokksins skrásett frá árinu 1997 og nemur meðaltal framlaga Íslands á síðustu 20 árum aðeins 0,199% af VPT. Hæst voru framlögin 0,356% árið 2008 og 0,325% árið 2009, sbr. töflu 1 hér að neðan.

Tafla 1: Framlög Íslands til opinberrar þróunaraðstoðar 1997-2017³


¹ Sjá <https://www.althingi.is/altext/107/s/1024.html>

² Sjá <https://www.althingi.is/altext/pdf/141/s/1311.pdf>

³ Heimild: OECD, 2018: <https://data.oecd.org/oda/net-oda.htm>



Tafla 2: Samanburður á raunframlögum og áætluðum framlögum til opinberrar þróunaraðstoðar 2011-2016



Séu raunframlög borin saman við áætluð framlög stjórnvalda skv. þingsályktunum um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu 2011-2014 annars vegar og 2013-2016 hins vegar, má sjá að raunframlög eru jafnframt ávallt undir áætluðum framlögum til opinberrar þróunaraðstoðar, sbr. töflu 2 hér að ofan. Má því leiða líkum að því að raunframlög á næstu árum verði lægri en fyrirbyggjandi áætlun kveði á um. Í því samhengi vekur Rauði krossinn sömuleiðis athygli á því að sveiflur á framlögum dragi úr skilvirkni og valda erfiðleikum við framkvæmd þróunarverkefna og mannúðaraðstoðar. Sé því brýnt að ábyrgð, árangur og áreiðanleiki sé höfð að leiðarljósi í öllu starfi Íslands á þessu sviði, eins og tillagan kveður réttilega á um.

Hyggist Ísland styðja við markmið Sameinuðu þjóðanna og leitast við að uppfylla pólitískar og siðferðislegar skyldur sínar sem ábyrg þjóð í samfélagi þjóðanna, eins og tillagan kveður réttilega á um, er lagt til að stefna stjórnvalda tilgreini áætlun um hvernig markmiðum um að 0,7% af VÞT verði náð með skýrum og áfangaskiptum tímasetningum, líkt og skýrt er kveðið á um í jafningjarýni DAC um þróunarsamvinnu Íslands 2017.⁴

⁴ Sbr. bls. 17 í jafningjarýni DAC um þróunarsamvinnu Íslands 2017: https://read.oecd-ilibrary.org/development/oecd-development-co-operation-peer-reviews-iceland-2017_9789264274334-en#page19

Lokaorð

Fulltrúar Rauða krossins á Íslandi eru tilbúnir til að ræða ofangreind sjónarmið betur og gera grein fyrir þeim, sé þess óskað.

Svar utanríkisráðuneytisins.

Almennar athugasemdir.

Utanríkisráðuneytið þakkar Rauða krossi Íslands fyrir athugasemdir þessar. Alþjóðaráð Rauða krossins hefur ásamt öðrum mannúðarsamtökum verið stutt fjárhagslega af Íslandi í gegnum árin og verður áfram rík áhersla lögð á árangursríkt samstarf á þeim vettvangi.

Drög að tillögu til þingsályktunar fyrir nýja stefna í þróunarsamvinnu Íslands byggist á samvirkninálgun mannúðaraðstoðar og þróunarsamvinnu með það að leiðarljósi að mannúðaraðgerðir stuðli að þróun og að þróun stuðli að friði og hagsæld. Heimsmarkmiðin eru viðmiðið fyrir bæði mannúðaraðstoð og þróunarsamvinnu og beinast þau ekki aðeins að því að koma til móts við þarfir viðtakenda heldur einnig að draga úr áhættu og varnarleysi þeirra sem verst standa, sem er ekki síst gagnlegt þegar unnið er í flóttamannabyggðum og nærumhverfi þeirra. Flestir þeirra sem hrekjast á flóttu eru annaðhvort á vergangi í heimalandi sínu eða á flóttu í fátækum nágrannaríkjum. Oft mæðir mikið á viðtökubyggðum flóttamanna og geta þær þurft á stuðningi og aðstoð að halda til að betur sé hægt að vinna að sameiginlegum markmiðum og draga úr áhættu og varnarleysi eins og kostur er. Í mörgum tilvikum er nauðsynlegt að vera með þróunaraðgerðir á þeim svæðum samhliða hefðbundinni mannúðaraðstoð, sérstaklega þegar um er að ræða flókið og langvarandi kreppuástand. Í nýrri áætlun hafa stofnanir SÞ verið taldar upp sem áherslu- og samstarfsstofnanir enda verið leiðandi í þeirri nálgun sem áður er lýst.

Utanríkisráðuneytinu þykir ánægjulegt að heyra að vel sé tekið í áherslur Íslands hvað varðar jafnréttismál í þróunarsamvinnu. Jafnréttismál hafa til þessa verið einn af hornsteinum í þróunarsamvinnustefnu Íslands og munu skipa stóran sess í þróunarsamvinnu landsins, en þau eru nú sett fram bæði sem sértækt markmið og þverlægt markmið. Er því unnið markvisst að því að uppfylla 5. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem snýr að jafnrétti kynjanna.

Utanríkisráðuneytið tekur undir sjónarmið um að gæta þurfi að mikilvægi þekkingar á þróunarsamvinnu, en undanfarið hefur sérstaklega verið hugað að þeim þætti innan utanríkisráðuneytisins, þar sem brugðist er við niðurstöðum jafningjarýni DAC sem lauk á síðasta ári. Heildarniðurstöður rýnnar voru mjög jákvæðar og benda til þess að fyrirkomulag og framkvæmd þróunarsamvinnu Íslands sé með faglegum hætti. Ábendingar rýnisteymisins falla gróflega í sjö ólíka málaflokka sem varða starf Íslands á sviði þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar. Eitt slíkt málefni er stjórnun þróunarsamvinnu og var í úttektinni lagt til að utanríkisráðuneytið legði áherslu á að halda starfsfólki með reynslu af þróunarsamvinnu með því að hanna vel úthugað kerfi fyrir flutninga í starfi, tækifæri til framgangs í starfi og með því að leggja áherslu á framtíðarþarfir fyrir starfsþjálfun, bæði fyrir fagfólk í þróunarsamvinnu og sendierindreka sem koma að þróunarsamstarfi. Sambærileg sýn kemur fram í skýrslunni Utanríkisþjónusta til framtíðar – Hagsmunagæsla í síbreytilegum heimi. Ráðuneytið vill taka fram að mikil áhersla er lögð á að starfa innan þess faglega ramma sem settur hefur verið um starfið í þróunarsamvinnu og taka tillit til þeirra tilmæla sem komu fram í jafningjarýni DAC. Til að koma til móts við þessar tillögur í jafningarýnninni hafa verið ráðnir þróunarsérfræðingar til starfa innan ráðuneytisins en innan þróunarsamvinnuskrifstofu utanríkisráðuneytisins er starfinu skipt í fjórar deildir: 1) tvíhliða þróunarsamvinnu, 2)


fjölbjóðlega þróunarsamvinnu, 3) mannúðaraðstoð og 4) samstarf við atvinnulíf og svæðasamstarf. Utanríkisráðuneytið telur einnig mikinn styrk fólgin í því að gefa starfsfólki sínu tækifæri til að flytjast til í starfi. Útsendum fulltrúa hefur verið bætt við hjá sendiráðinu í Kampala en þar starfa í dag sendiherra, sendifulltrúi og sendiráðunautur á sviði þróunarsamvinnu. Útsendum fulltrúum sem sinna málefnum á sviði þróunarsamvinnu verður bætt við fastanefndina í New York og hefur einnig fulltrúastöðu verið bætt við sendiráðið í París en sá fulltrúi sinnir einnig verkefnum á sviði mannúðaraðstoðar við fastanefnd í Genf. Jafnframt er gerð er krafa um sérþekkingu á þróunarsamvinnu fyrir stöðu í fastanefnd gagnvart alþjóðastofnunum í Róm. Þannig hefur starfsfólki sem vinnur að þróunarsamvinnu verið fjölgað á síðustu árum með það fyrir augum að efla sérþekkingu og starf ráðuneytisins í þróunarsamvinnu.

Ísland starfar m.a. með borgaralegum stofnunum á sviði þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar (t.d. stofnunum SP). Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er hugtakið „borgaralegar stofnanir“ notað til að undirstrika að alþjóðleg þróunarsamvinna Íslands er ekki á sviði varnarmála, enda eru útsendir sérfræðingar sem starfa hjá alþjóðastofnunum kostaðir af framlögum til þróunarsamvinnu ávallt borgaralegir starfsmenn. Er með notkun hugtaksins ekki átt við borgarasamtök eingöngu, þrátt fyrir að borgarasamtök séu almennt borgaralegs eðlis í þessum skilningi. Þessi skilningur er áréttaður í greinargerð með þingsályktunartillögunni á bls. 10 þar sem segir: „Þátttaka Íslands í þróunarsamvinnuverkefnum er á vegum borgaralegra stofnana, þ.e. þróunarsamvinnu- og mannúðarstofnana“. Til að fyrirbyggja allan misskilning er í nýrri stefnu **lagt til að orðalagi verði breytt á þann hátt að hugtakið „félagasamtök“ sé notað í stað hugtaksins „borgarasamtök“**. Sú hugtakanotkun er í takt við framsetningu í fjárlögum og fyrri stefnur Íslands á sviði þróunarsamvinnu, en þó skal hafa í huga að í lögum nr. 121/2008 er enn vísað til borgarasamtaka. Í greinargerð verði jafnframt gerð ítarlegri grein fyrir samstarfi utanríkisráðuneytisins við félagasamtök og þar komi eftirfarandi fram: „**Lögð er rík áhersla á samstarf við ólíka aðila til að ná megi Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Meðal samstarfsaðila eru félagasamtök, sem samkvæmt skilgreiningu ríkisskattstjóra eru skipulagsbundin félög, sem starfa í þágu ófjárhagslegs tilgangs. Framlög verði veitt til íslenskra félagasamtaka, sem og félagasamtaka á vettvangi, m.a. í gegnum sendiráð Íslands í tvíhliða samstarfslöndum.**“ Jafnframt er tiltekið að litið verði til samstarfs við félagasamtök í vinnu Íslands að sjálfbærum hagvexti og atvinnutækifærum í lágtekjuríkjum.

Utanríkisráðuneytið starfar að alþjóðlegri þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð með fjölda íslenskra, staðbundinna og alþjóðlegra samtaka, félaga og hreyfinga sem hafa raunverulegt og milliliðalaust aðgengi að haghöfum. Dæmi um slíkan stuðning eru nefnd í ársskýrslum utanríkisráðherra til Alþingis. Samstarf utanríkisráðuneytisins við slík samtök miðar að því að nýta fjölbreytta flóru samtaka, félaga og hreyfinga sem starfa að málaflokknum. Mikilvægt er að samstarf ráðuneytisins við félagasamtök byggist á tengslum við grasrótina á Íslandi, en ekki síður á verkefnasvæðum. Í svo fjölbreyttu umhverfi leggur utanríkisráðuneytið ríka áherslu á að starfa með ólíkum samstarfsaðilum og byggja val á samstarfsaðilum úr röðum félagasamtaka á viðmiðum sem taka tillit til jafnræðisreglna og faglegra sjónarmiða. Rauðakrosshreyfingin nýtur þó ákveðinnar sérstöðu sem samtök í mannúðarstarfi á átakasvæðum og tekur utanríkisráðuneytið tillit til þess í starfi á vettvangi alþjóða- og öryggismála, t.a.m. í samstarfi við Rauða krossinn á Íslandi, í Landsnefnd um mannúðarrétt og í þátttöku á alþjóðaráðstefnum Rauða krossins og aðildarríkja Genfarsáttmálanna. Stuðningur utanríkisráðuneytisins hefur jafnframt aukist og í kjölfar síðustu alþjóðaráðstefnu Rauða krossins tvöfaldaði ráðuneytið framlög sín í neyðarsjóð Alþjóðaráðsins.

Til marks um aukna áherslu á samstarf utanríkisráðuneytisins við frjáls félagasamtök á Íslandi á síðastliðnum árum hafa fjárframlög ráðuneytisins til stuðnings við verkefni þeirra aukist

sjöfalt og rúmlega það í fjárlögum frá árinu 2006 til ársins 2017 að nafnvirði, eða frá 38,8 m.kr. árið 2013 til 297,1 m.kr. árið 2018. Á þessu tímabili hefur Rauði kross Íslands verið helsti styrkþegi úr hópi íslenskra frjálsra félagasamtaka. Á mynd 1 má sjá þróun framlaga utanríkisráðuneytisins til Rauða kross Íslands og Alþjóðaráðs Rauða krossins.



Mynd 1. Framlög til Rauða kross Íslands og Alþjóðaráðs Rauða krossins.

Líkt og kemur fram á mynd 1 hafa framlög utanríkisráðuneytisins til Rauða kross Íslands vegna mannúðarstarfs og þróunarverkefna aukist úr 21,1 m.kr árið 2006, í 171,5 m.kr. árið 2017. Þá numu framlög til Alþjóðaráðs Rauða krossins 21 m.kr. og var heildarframlagið til beggja stofnana 192,5 m.kr.

Nýlegur rammasamningur við Rauða krossinn á Íslandi felur í sér staðfestingu á áframhaldandi samvinnu um reglubundið framlag til Rauða krossins á Íslandi til að starfa að alþjóðlegri mannúðaraðstoð. Í samstarfsyfirlýsingu við Rauða kross Íslands kemur fram fyrirætlun utanríkisráðuneytisins að styðja við Alþjóðaráð Rauða krossins, sem og neyðarsjóð ráðsins. Í ljósi þess **er lagt til að Alþjóðaráðið verði tilgreint sem stofnun sem unnið skuli með** auk Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna fyrir Palestínuflóttamenn (UNWRA) og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO), í kafla 3.II. um samstarf við fjölþjóðlegar stofnanir.

Athugasemdir við einstaka kafla þingsályktunartillögunnar.

Framlög.

Utanríkisráðuneytið þakkar innlegg varðandi framlög Íslands. Hlutfallsleg lækkun framlaga eftir árið 2008, sem dregin er fram á mynd 1, má rekja til fjármálakreppu á heimsvísu sem kom sérstaklega illa niður á íslensku hagkerfi. Í kjölfarið þurfti að gæta mikils aðhalds á meðan Ísland leitaðist við að standa við alþjóðlegar skuldbindingar sínar í þróunarsamvinnu, sem þegar höfðu verið gerðar í erlendum gjaldmiðlum. Rík áhersla er lögð á að áætlanir vegna þróunarsamvinnu verði raunhæfar, umsýsla vönduð og að staðið verði við þær skuldbindingar sem Ísland gerir innan málaflöksins á komandi árum. Útgjöld íslenska ríkisins til þróunarsamvinnu er lögð fram í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar sem samþykkt var af Alþingi í júní 2018 og tekur þróunarsamvinnuáætlun mið af henni.⁵ Tillaga til þingsályktunar

⁵ Sjá nánar: <https://www.stjornarradid.is/default.aspx?pageid=e5cf150d-33a7-11e6-80c7-005056bc217f&newsid=b3955d6d-3825-11e8-9427-005056bc4d74>

um stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2019–2023 er því bundin af þeim samþykktum sem koma fram í fimm ára fjármálaáætlun. Gagnlegt er að skoða framlög til þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar í rauntölum⁶ til að setja þróun framlaga á komandi árum í samhengi, en áætlað er að slík framlög verði 5,9 ma.kr. árið 2019 og að sú tala verði komin upp í rúmlega 9,2 ma.kr. árið 2023. Um umtalsverðar hækkunarir er því að ræða. Slíkar áætlanir eru þó háðar miklum óvissuþáttum sem m.a. skapast af þjóðartekjum, gengi gjaldmiðla og reglum þróunarsamvinnunefndar OECD um hvað sé talið fram sem framlög til þróunarsamvinnu. Þessir áhættuþættir hafa jafnframt í för með sér að erfiðara er að framfylgja áætlunum í þróunarsamvinnu, auk þess sem óviðráðanlegir þættir eins og stjórnmálaástand í viðtökulöndum getur haft áhrif á framkvæmd verkefna. Utanríkisráðuneytið telur mikilvægt að það komi fram í drögum að tillögu til þingsályktunar að íslensk stjórnvöld styðji markmið SÞ um að iðnríki skuli veita sem nemur 0,7% af vergum þjóðartekjum (VÞT) til þróunarsamvinnu. Því er sbr. fjármálaáætlun ríkisstjórnar fyrir 2019-2023 stefnt að því að Ísland auki framlög til þróunarsamvinnu á næstu árum og að þau verði 0,35% af VÞT árið 2022. Utanríkisráðuneytið telur að þróun framlaga Íslands til þróunarsamvinnu sé á réttri leið og að framlög Íslands, þar sem ólíkar leiðir eru nýttar til að styðja við óstöðug og fátæk ríki, skili verulegum árangri. Óháðar úttektir á undanförunum árum hafa verið mjög jákvæðar, m.a. hafa verið gerðar úttektir á störfum frjálsra félagasamtaka sem hafa notið stuðnings utanríkisráðuneytisins. Allt bendir til þess að Íslendingar leggi sín lóð á vogarskálarnar til að vinna að betri veröld fyrir alla með sinni þróunarsamvinnu og markmiðið er að Ísland leggi áfram sitt af mörkum til að Heimsmarkmiðunum verði náð fyrir 2030.

⁶ Stofnfjárframlög til Alþjóðabankans og annar kostnaður sem ekki fellur undir rekstur þróunarsamvinnuskristofu utanríkisráðuneytisins er undanskilinn.